

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum 2021

1.grein

Gjaldskrá þessi er unnin í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761 frá 2006.

2.grein

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 18.322 kr. á ári

Sorpeyðingargjald á íbúð 41.388 kr. á ári

Heiti	pr/m3	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	22.640 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi.
Blandaður Rekstrarúrgangur	15.096 kr.	Almennt sorp, veiðafæri, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	4.311 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekker plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	4.311 kr.	Bretti - ómálað timbur
Litað timbur	7.187 kr.	Gagnavarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	4.311 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast,raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinar,lauf
Annað		Skv tilboði.
Spilliefni		Skv. gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Skv tilboði

Öll verð eru án VSK

Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar.

Undanþegin magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

3.grein

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp eða í síma 4882530.

Allar upphæðir eru án vsk.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann xx. desember 2020, staðfestist hér með, skv. 5. mgr 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 22. desember 2020

Ólafur Þór Snorrason,
framkvæmdastjóri